

1871.

17. janúar.

**3. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamt-
mannsins og biskupsins yfir Íslandi, um kennslu-
bók í söngfræði.**

Með bréfi, dagsettu 17. nóvbrm. f. á., hafð þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, sent hingað bænarskrá, þar sem söngkennari við hinn lærða skóla í Reykjavík, organleikari Pétur Guðjohnsen, hefir sókt um 80 rd. styrk, sem endurgjald fyrir kostnað við prentunina á íslenzkri kennslubók í söng, eða leidarvísi við söngkennslu, sem hann hefir gefið út; hafð þér mælt fram með þessu af því, að hið opinbera hafi endranær veitt styrk til þess að gefa út íslenzkar kennslubækur, bæði með því að veita höfundunum þóknun, og með því að láta prentsmiðju landsins prenta bækurnar á sinn kostnað; þér færði og til, að sækjandi hafi sýnt, að honum sè mjög annt um kennslugrein sína, með því að gefa út bók þessa á sjálfs síns kostnað, án þess að sækja um slíkan styrk fyrirfram, er þér þá munduð hafa mælt til að hann fengi.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér hirtíð það, að þó eigi virðist geta verið þörf á slíkri bók við söngkennsluna í skólanum, hefir stjórnarráðið samt, sökum þess, að bókin að öðru leyti mundi geta gjört gagn, veitt sækjandanum 50 rd. þóknun, og veitum vèr yður myndugleika til, að láta borga þessa upphæð af því fè, sem veitt er með fjárhagslögnum 20. gr. VI. C.

17. janúar.

**4. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir
Íslandi, um sending hinna dönsku Lagatíðinda og
stjórnartíðinda.¹**

Jafnframt og vèr gefum yður, herra stiptamtmaður, til vitundar, að póststjórnin, samkvæmt lögum 25. júní f. á. og til-

¹) Með bréfi s. d. voru hinum amtmönnum send hvorutveggju tíðindin.